



Umhverfis- og orkustofnun
Edda Sigríður Freysteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Garðabær, 28. janúar 2026

Málsnúmer: 202601-0073

IAS

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi fyrir Eyrarteigsvirkjun.

Vísað er til erindis Umhverfis- og orkustofnunar frá 9. janúar 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umsókn Afls og Orku ehf. um rannsóknarleyfi fyrir Eyrarteigsvirkjun.

Afl og Orka ehf. sækir um rannsóknarleyfi til 5 ára vegna virkjunar í Eyrarteigsá en virkjunarkosturinn verður eftirleiðis kallaður Eyrarteigsvirkjun, en það er það nafn sem landeigendur hafa valið virkjuninni. Tilgangur rannsóknarinnar sem óskað er eftir leyfi fyrir, er að afla þekkingar á öllum aðstæðum á svæðinu. Nauðsynlegt er að kynna sér aðstæður til þess að hægt sé að:

- *útfæra frumhönnun virkjunar*
- *afla fullnægjandi gagna til þess að senda inn fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um hvort virkjunarkosturinn þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum*
- *meta hagkvæmni virkjunarinnar*

Niðurstöður rannsóknar verða lagðar til grundvallar frumhönnun virkjunar, samningum um kostnað við tengingu og áætlun um umhverfismat ef þess verður krafist af Skipulagsstofnun.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinagerðina með umsókninni og bendir á að Eyrarteigsá er innan Þingsmúlaeldstöðvarinnar sem var ein af tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar árið [2002](#). Þá er Eyrarteigsá innan Hjálpleysugriðlands í Náttúrumæaskrá Helga Hallgrímssonar, sjá [hér](#).

Fossar í Eyrarteigsá njóta verndar samkvæmt 61. g. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) þó að þeir séu ekki sýndir á kortasjá Náttúrufræðistofnunar um sérstaka vernd. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru vistgerðir með mjög hátt verndargildi á svæðinu, t.d. starungsmýravist og runnamýravist á láglendi en þess ber að geta að svæðið hefur lítið verið rannsakað og mikið vantar upp á að kortasjár Náttúrufræðistofnunar (<https://serstokvernd.ni.is/> og <https://vistgerdakort.ni.is/>) séu nákvæmar þeim mælikvarða sem nauðsynlegur er fyrir framkvæmdir sem þessar.

Almennt má segja að svæðið sé lítt þekkt og þarf að kanna m.a. lífríki á landi, í ám og vötnum auk þess að skrá fossa og kortleggja jarðfræði rannsóknasvæðisins. Þá er mikilvægt að raski vegna rannsókna verði haldið í lágmarki.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur